

82. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskar fræða 21. apríl, kl. 12:00.

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson (staðgengill fyrir Engilbert Olgeirsson), Eydís Indriðadóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Aðalbjörg Bragadóttir, Ingibjörg Andrea Jóhannsdóttir, María Carmen Magnúsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, Áslaug Harðardóttir og Pálmi Hilmarsson sem boðinn var á fundinn sem gestur.

Dagskrá:

1. Kjör formanns
2. Umsóknir grunnskólanema í forvali
3. Niðurstaða ferilkönnunar Rannsóknar & Greiningar – „Ungt fólk“ – er lögð var fyrir í október s.l.
4. Íþróttahúsið á Laugarvatni – framtíð þess og nýting ML – staða mála
5. Önnur mál

Halldór Páll setti fund og bauð fólk velkomið og óskaði nýrri nefnd til hamingju með kjörið. Hann lagði jafnframt áherslu á mikilvægi skólanefndar fyrir framhaldsskóla. Hann þakkaði fráfarandi skólanefnd fyrir vel unnin störf. Því næst kynntu sig allir. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Kjör formanns

Halldór Páll stakk upp á Gunnari sem áframhaldandi formanni. Það var samþykkt samhljóða. Gunnar tók því næst við fundarstjórn. Hann þakkaði fyrir stuðninginn.

2. Umsóknir grunnskólanema í forvali

Áslaug áfangastjóri fór yfir stöðu umsókna í forvali en það stóð yfir frá 6. mars til 9. apríl. 50 nemendur hafa sótt um ML í fyrsta vali. Vörpuð var upp mynd af því hvaðan þeir umsækjendur koma flokkað eftir póstnúmerum. Níu umsóknir koma frá eldri nemendum.

3. Niðurstaða ferilkönnunar Rannsóknar & Greiningar

Halldór Páll fjallaði stuttlega um sögu könnunarinnar. Rannsóknin hefur verið gerð í októbermánuði í öllum framhaldsskólum um árabíl. Stærstur hluti nemenda ML tók þátt í könnuninni. Halldór Páll fór yfir helstu niðurstöður könnunarinnar. Pálmi kom inn á það að sumar niðurstöðurnar eru kannski ekki alveg í samræmi við það sem vistarfólk þekkir, eins og til dæmis með reykingar. Mjög fáir nemendur reykja og hafa nokkrir þeirra hætt í skólanum á skólaárinu.

4. Íþróttahúsið á Laugarvatni

Gunnar sagði frá því að skrifað hefði verið undir viljayfirlýsingu um að HÍ setti á laggirnar rannsóknarsetur á Laugarvatni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skrifaði aldrei undir yfirlýsinguna. Ekki tókst að fá fund með fyrrverandi ráðherra. 4. apríl sl. fékkst loksins að halda fund með nýjum ráðherra. Þann fund sátu Halldór Páll, Gunnar, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar og Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar. Þar var farið yfir málið og hvernig það hefði þróast. Málið er á borði ráðherra núna.

Ríkiseignir er að skoða hver viðhaldspörfin er og ætlar ráðherra að taka næstu skref út frá því. Gunnari finnst eins og málið sé komið á byrjunarreit. Lögð er fram eftirfarandi bókun:

Bókun:

Öflugt íþrótt- og félagslíf hefur verið eitt af aðalsmerkjum Menntaskólans að Laugarvatni (ML) frá stofnun hans. Íþróttakennsla og íþróttaiðkun nemenda er honum og þeim afar mikilvæg. ML er Heilsuefandi framhaldsskóli og hefur lagt ríka áherslu á hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl.

Skólanefnd Menntaskólans að Laugarvatni lýsir þungum áhyggjum yfir því að enn er það óleyst hver mun verða húsráðandi núverandi Íþróttahúss og sundlaugar Háskóla Íslands á Laugarvatni þar sem Íþróttafraeðasetur HÍ hefur verið lagt niður. Menntaskólinn að Laugarvatni hefur hingað til leigt íþróttaaðstöðu, vegna kennslu og íþróttaiðkunar nemenda, af Háskóla Íslands en einnig hafa ýmsir viðburðir á vegum menntaskólans farið fram í íþróttahúsinu tengt félags- og íþróttalífi. Svo og hefur útskrift og skólaslit ML vor hvert farið fram í Íþróttahúsinu í áratugi.

Ef ML mun ekki fá að nýta aðstöðu þá sem um ræðir til þeirra þátta sem nefndir eru verður grafið mjög undan framtíð skólans og samfélagsins.

ML getur ekki án íþróttahússins verið!

Skólanefnd ML hvetur ráðherra mennta- og menningarmála og ráðherra fjármála að finna viðhlítandi lausn til framtíðar hið allra fyrsta.

Hún var samþykkt samhljóða og jafnframt var samþykkt að fela Halldóri Páli að senda bókunina öllum þingmönnum Suðurkjördæmis, fjölmiðlum, ráðherrum fjármála- og menntamála og sveitarstjórnnum á Suðurlandi.

5. Önnur mál

a. Ársreikningur ML

Halldór Páll fór yfir helstu þætti ársreiknings ML fyrir árið 2016. Skólinn skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu fyrir það ár.

Fundi slitið kl. 13:40

Fundargerð ritaði Áslaug Harðardóttir